

SKÓLASTEFNA

SANDGERÐISBÆJAR



SANDGERÐISBÆR



Skólaftefna okkar

Í lok árs 2011 skipaði bæjarráð 9 manna stýrihóp til að vinna að mótun skólaftefnu Sandgerðisbæjar. Hópin skupuðu skólaftefna grunn-, leik-, og tónlistarskóla, mennta- og menningarfulltrúi, fulltrúar foreldraráðs grunn- og leikskóla, fulltrúi skólaráðs grunnskóla, formaður fræðsluráðs og bæjarstjóri. Markmið hópsins var að vinna raunhæfa og metnaðarfulla skólaftefnu með aðkomu sem flestra og gera þannig skólaftefnuna að sameign samfélagsins.

Stýrihópurinn ákvað að fela fámennari starfshóp að vinna að frekari útfærslu stefnunnar. Í starfshópnum áttu sæti Guðjón Þ. Kristjánsson, fræðslu og menningarfulltrúi, Fanney D. Halldórsdóttir skólaftefna grunnskólans, Hulda Björk Stefánsdóttir skólaftefna leikskólans og Lilja Hafsteinsdóttir skólaftefna tónlistarskólans. Starfshópurinn vann ötullega að undirbúningi stefnunnar og haldnir voru fölmargir fundir með hagsmunaaðilum, eins og nemendum, kennurum, starfsfólki skólanna og foreldrum. Þá voru haldnir tveir opnir íbúafundir þar sem íbúum gafst kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa þannig áhrif á mótun stefnunnar. Fræðsluráð Sandgerðisbæjar var virkur þátttakandi í vinnu við stefnuna og tók að sér að finna textann og skila fullbúnum tillögum til bæjarstjórnar.

Það er afar ánægjulegt hversu breiður og fjölmennur hópur fólks á öllum aldri kom að vinnu við skólaftefnuna. Skólaftefna lýsir þeim metnaði sem ríkir í samfélaginu gagnvart námi og starfi barna og ungmenna og allri umgjörð um skólaftefna.

Skólaftefna Sandgerðisbæjar var samþykkt í bæjarstjórn þann 4. mars 2014 og tók þegar gildi. Stefnan gildir til næstu fimm ára eða frá 2014-2019.

Ég vil færa öllum þeim sem tóku þátt í og unnu að mótun skólaftefnunnar bestu þakkar og óska þess um leið að hin nýja skólaftefna megi verða það leiðarljós sem henni er ætlað til frekari framfara og dæða.

Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri.



Skólafestna Sandgerðisbæjar

Skólafestna Sandgerðisbæjar nær til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í bæjarfélaginu. Lög, reglugerðir og aðalnámskrár eru grundvöllur stefnu um skólafestnafríð ásamt ákvörðunum bæjarstjórnar eins og jafnréttisáætlun, starfsmannafestna og stefna um ríka áherslu á lestrar- og stærðfræðikennslu á öllum skólafestigum. Hver skólafestofnun getur markað sína eigin starfs- og verkefnaáætlun í samræmi við stefnu bæjarfélagsins en hefur að öðru leyti frjálslar hendur um skipulag og framkvæmd skólafestarfs.

FRAMTÍÐARSÝN

Skólar bæjarfélagsins skulu vera í fremstu röð hvað varðar menntun starfsmanna, gæði náms og aðstöðu nemenda og starfsmanna. Leggja skal áherslu á þrautseigju nemenda, metnað, vöxt og sjálfsaga. Samstarf innan skóla sem utan skal vera fjölþætt; milli skóla og foreldra, milli skólanna og við aðrar menntastofnanir.

Lögð er áhersla á:

- › andlegt og líkamlegt heilbrigði nemenda
- › metnað og árangur
- › jákvæðni, gleði og gagnkvæma virðingu
- › fjölbreytt námsframboð
- › samvinnu, jafnrétti, lýðræði og ábyrgð



EFNISFLOKKAR

1. Nemendur
2. Starfsfólk
3. Nám og kennsla
4. Hollusta og hreyfing
5. Samfélag
6. Umhverfi



1. Nemendur í leik-, grunn- og tónlistarskóla

Leiðarljós: Nemendur finni fyrir öryggi og þeim líði vel. Nemendur njóti sín á eigin forsendum í fjölbreyttu námsumhverfi sem eflir hæfileika þeirra, þrautseigju, metnað og sjálfsvirðingu.

Gildi: Þroski, gleði, vinátta og kærleikur.

Lögð er áhersla á:

- › jákvæðni og metnað
- › þekkingu og færni
- › sköpun og frumkvæði
- › öryggi og vellíðan
- › sjálfstæði og sjálfsvirðingu
- › andlegt og líkamlegt heilbrigði



2. Starfsfólk í leik-, grunn- og tónlistarskóla

Leiðarljós: Starfsfólk skólanna njóti vinnuumhverfis sem einkennist af virðingu, jákvæðni, jafnrétti og góðu samstarfi. Starfsmannahópurinn myndi öfluga og trausta liðsheimild sem saman nær árangri.

Gildi: Fagmennska og metnaður.

Lögð er áhersla á:

- menntun við hæfi
- gæði og árangur í starfi
- endurmenntun sem nýttist í starfi
- fagleg vinnubrögð
- samskipti sem einkennast af virðingu og jákvæðni
- gott starfsumhverfi og góðan starfsanda



3. Nám og kennsla í leik-, grunn- og tónlistarskóla

Leiðarljós: Samstarf heimila og skóla sé til fyrirmyndar og styrki þannig gagnkvæma virðingu og góðan árangur í uppeldis- og skólastarfi. Fjölbreytni og metnaður er grunnur að góðu námi og eykur vellíðan nemenda og starfsfólks.

Gildi: Metnaður og árangur.

Lögð er áhersla á:

- fjölbreytt námsframboð
- margvíslegar starfsaðferðir
- vellíðan nemenda og starfsfólks
- virðingu og samstarf



4. Hollusta og hreyfing

Leiðarljós: Góður svefn, næring og hreyfing leiðir til vellíðunar. Virkni og þátttaka veitir andlegt og líkamlegt heilbrigði.

Gildi: Heilbrigði og lífsgleði.

Lögð er áhersla á:

- › andlegt og líkamlegt heilbrigði
- › góðan svefn
- › hollt fæði
- › hæfilega hreyfingu
- › jákvæðar fyrirmyndir
- › forvarnaráætlun



5. Samfélag

Leiðarljós: Skólasamfélagið einkennist af lýðræðislegum gildum, samábyrgð, virðingu og virkni. Víðtæk samvinna og góð tengsl skapa vellíðan í samfélaginu öllu.

Gildi: Lýðræði og samstarf.

Lögð er áhersla á:

- › lýðræði, virðingu og jákvæðni
- › að vinna eftir viðurkenndum uppeldisstefnum
- › samstarf milli skólastiga
- › tengsl og samvinnu við nærumhverfið
- › jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu Sandgerðisbæjar



6. Umhverfi

Leiðarljós: Tengja skal náttúru og umhverfi við kennslu og starf með virðingu, nýtingu og sjálfbærni í huga. Útikennsla taki mið af nærumhverfinu og sögu þess.

Gildi: Umhverfisvitund og virðing.

Lögð er áhersla á:

- › tengingu náttúru, sögu og umhverfis við kennslu og starf
- › eflingu umhverfisvitundar
- › virðingu fyrir náttúrunni
- › útiveru



Sandgerðisbær | Varðan, Miðnestorg 3 | 245 Sandgerði | Sími 420 7500
www.sandgerdi.is | Netfang: sandgerdi@sandgerdi.is

HEILBRIGÐI // VIRÐING // METNAÐUR // FJÖLBREYTNÍ // JÁKVÆÐNI // VELLÍÐAN